

- 157 aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, eða öðrum lögum, 22. núv. sem kunna að verða sett til viðbótar þeim, eða í þeirra stað, að fara skal þá eftir því, sem þar er ákveðið.

26. gr.

Samþykktum þessum verður ekki breytt nema á aðalfundi og séu að minnsta kosti $\frac{2}{3}$ fundarmanna samþykkir breytingunum.

Þegar leggja á fyrir fund tillögu um breytingu á félagssamþykkt, skal þess jafnan getið í fundarauglýsingu. Breytingartillögur þær, sem ekki koma fram fyrir en á fundi, þurfa $\frac{4}{5}$ greiddra atkvæða til þess að ná gildi, enda sé meiri hluti félagsstjórnar þeim fylgjandi.

Allar slíkar breytingar eru háðar staðfestingu ráðherra.

- 158 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Guðjónínu Jónsdóttur“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 5. desember 1946.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Guðjónínu Jónsdóttur.

1. gr.

Sjóður þessi er stofnaður til minningar um Guðjónínu Jónsdóttur, húsfreyju í Garðbæ á Akranesi, af manni hennar, Jóni Bjarnasyni.

Stofnfé sjóðsins er 2000 krónur.

2. gr.

Sjóðurinn skal taka til starfa þegar höfuðstóll hans nemur 20 þús. kr. Skal þá verja $\frac{3}{4}$ hlutum ársvaxtanna, samkvæmt nánari ákvörðun sjóðsstjórnar, til skrudgarðs á Akranesi, er opin sé almenníngi og sé í umsjá bæjarstjórnar.

Þegar höfuðstóll sjóðsins nemur 50 þús. kr., skal verja $\frac{4}{5}$ hlutum vaxtanna í sama skyni.

Að öðru leyti skulu vextirnir lagðir við höfuðstól, og hann má aldrei skerða.

3. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þrem mönnum, sóknarprestinum á Akranesi, manni, er bæjarráð Akraneskaupstaðar kýs úr sínum hópi, og stofnanda sjóðsins, meðan hans nýtur við, en eftir hans dag fulltrúa, er Kvenfélag Akraness kýs.

Auk úthlutunar úr sjóðnum samkvæmt 2. gr. hefur sjóðstjórnin á hendi reikningshald sjóðsins, en reikningar hans skulu endurskoðaðir af endurskoðendum reikninga bæjarsjóðs.

4. gr.

Fé sjóðsins skal ávaxta fyrst um sinn í vaxtabréfum Stofnlánadeildar sjávarútvegsins við Landsbanka Íslands, en frá þeim degi, er þau verða innleyst, í Söfnunarsjóði Íslands.

5. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

Garðbæ á Akranesi, 28. nóv. 1946.

Jón Bjarnason.

AUGLÝSING

159

5. des.

um staðfestingu félagsmálaráðuneytisins á samþykktum byggingarsamvinnufélaga.

Samkvæmt lögum nr. 44 7. maí 1946, um opinbera aðstoð við byggingar íbúðarhúsa í kaupstöðum og kauptúnum, hefur félagsmálaráðuneytið staðfest samþykktir fyrir eftirgreind byggingarsamvinnufélög:

21. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélagið Klettur. Varnarþing í Reykjavík. Staðfest 20. nóvember 1946.
22. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Stykkishólms. Varnarþing í Stykkishólmi. Staðfest 2. desember 1946.
23. Samþykkt fyrir Byggingarsamvinnufélag Akraness. Varnarþing á Akranesi. Staðfest 5. desember 1946.

Samþykktir þessar eru í samræmi við fyrirmynd að samþykkt, sem birt er með auglýsingu nr. 92 12. júní 1946, Stj.tíð. B., bls. 174—179.

Félagsmálaráðuneytið, 5. desember 1946.

F. h. r.

Jónas Guðmundsson.

Gisli Jónasson.

SAMÞYKKT

160

10. des.

um sýsluvegasjóð í Austur-Barðastrandarsýslu.

1. gr.

Í Austur-Barðastrandarsýslu skal vera sýsluvegasjóður. Úr honum greiðist kostnaður við þær umbætur, sem að lögum hvíla á sýslufélaginu, eftir því, sem fé er veitt til vegagerða á ári hverju.

2. gr.

Sýsluvegir eru þessir:

Í Geiradalshreppi: Frá Þjóðveginum við Króksfjarðarneshyrnu með hliðinni að Brekku, Bakka um Valshamar að Gautsdal og á Þjóðveginn á Oddamel.

Í Reykhólahreppi: Frá Þjóðveginum á Hríshólsmelum um Hafrafell að Borg, og frá Þjóðveginum við Kinnarstaðarétt að Hlíð.

Í Gufudalshreppi: Frá Þjóðveginum við Hjallaá kringum Hallsteinsnes inn á Þjóðveginn við Djúpafjörð.

Frá Brekku út á Gróunes og frá Gufudal kringum Skálanes inn með Kollafirði að Kletti.

Í Múlahreppi: Frá fjallveginum við Skálmardalsá fyrir Vattarfjörð, um Fjarðarhlíð og Múlanes, að Skálmarnesmúla.

Frá Skálmardalsá um Illugastaði, út fyrir Svínanes, að Kvígindisfirði, þaðan kringum Bæjarnes, að Bæ á Bæjarnesi.

160

10. des.

3. gr.

Í sýslusjóð skal árlega greiða vegaskatt af öllum skattskyldum fasteignum í sýslunni, sem greiðist á manntalsþingi af ábúanda hverrar jarðar, en af eiganda hverrar lóðar eða húseignar í kaптúnunum. Þó er hreppsfélaginu heimilt að greiða skatt þennan úr sveitarsjóði, sé það samþykkt með meiri hluta atkvæða á lögmætum sveitarfundi og tilkynning kemur þar um til sýslumanns fyrir 1. apríl.

Sýslunefndin ákveður fyrir eitt ár í senn, hve hár skatturinn skuli vera. Má hann þó ekki lægri vera en 2% af verði skattskyldra fasteigna eftir fasteignamati og ekki hærri en 10%, nema samþykki atvinnumálaráðherra komi til í hvert sinn. Skatturinn er miðaður við áætluð gjöld til vegabóta, að viðbætti eyðslu umfram áætlun undanfarin ár, en að frádregnu áætluðu tillagi ríkissjóðs, ef til þess kemur samkv. lögum nr. 102, 19. júní 1933.

Með gjöldum til vegabóta teljast vextir og afborganir af lánum til vegabóta, enda hafi ráðherra samþykkt lánskjörin, að fengnum tillögum vegamálastjóra.

4. gr.

Nú er lagður akvegur í gegnum hreppinn, eða aðallega í þágu hreppsins, og heimilast þá sýslunefnd að setja sem skilyrði fyrir framlagi úr sýsluvegasjóði, að hreppurinn sjái um að lagt verði fé á móti eftir nánari ákvæðum sýslunefndar í hvert sinn.

5. gr.

Oddviti sýslunefndar semur árlega reikning sýsluvegasjóðs, skal reikningur undanfarins árs lagður fram á sýslufundi til samþykktar, og gilda þar um sömu reglur og um sýslusjóðsreikning.

Á sýslufundi skal semja áætlun um tekjur og gjöld sýsluvegasjóðs yfirstandandi ár.

Afrit af sýsluvegasjóðsreikningnum, ásamt áætlun, skal oddviti sýslunefndar senda vegamálastjóra, að afstöðnum sýslufundi.

6. gr.

Undanskyldar vegaskatti eru allar kirkjur, skólahús, sjúkrahús og þinghús.

Ráðherra er heimilt, eftir tillögu sýslunefndar, að undanþiggja skattgjaldi að einhverju leyti eyjajarðir, ásamt húsum og lóðum á þeim, enn fremur ívilna að einhverju leyti jörðum, sem eru í mjög háu mati sökum sjávarhlunninda.

7. gr.

Sýsluvegasjóðum skal fá tillög úr ríkissjóði eftir því, sem ákveðið er í 9. gr. laga nr. 102 19. júní 1933, sbr. og lög nr. 121 12. des. 1945.

8. gr.

Gjöld samkvæmt samþykkt þessari má taka lögtaki eftir lögum nr. 29 16. des. 1885, sbr. lög nr. 102 19. júní 1933.

9. gr.

Brot gegn samþykkt þessari varða allt að 200 kr. sektum, er renna í sýsluvegasjóð, og fer um mál út af sliikum brotum, sem almenn lögreglumál.

10. gr.

Á samþykkt þessari skal leita staðfestingar atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.